

 <p>TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS</p> <p>REKSTRARHANDBÓK</p>	<p>Gæða- og upplýsingaöryggisstefna</p>	<p>Útgáfa: 3 Gildistaka: 16.júní 2009 Rýni:Framkvæmdastjórn, faghópur upplýsingaöryggis Ábyrgð:Framkvæmdastjórn</p>
--	--	--

Tryggingastofnun ríkisins (TR) vill með stefnu þessari leggja áherslu á mikilvægi gæða- og upplýsingaöryggis í starfsemi stofnunarinnar. Jafnframt skulu þjónustuupplýsingar samræmast þörfum viðskiptavinarins og starfseminnar og uppfylla skilyrði laga, reglugerða og stefnu TR. Markmið gæða- og upplýsingaöryggisstefnu er að veita réttar upplýsingar og tryggja fullnægjandi ráðgjöf um starfsemi TR og almannatryggingakerfið til þess að viðskiptavinir njóti réttinda sinna og fái þjónustu á grundvelli laga og reglugerða. Með stefnunni vill TR fullvissa starfsmenn og landsmenn um áherslur sínar í gæða- og upplýsingaöryggismálum. Skjalið er hluti af stjórnkerfi gæða- og upplýsingaöryggis hjá TR í samræmi við staðlana ÍST ISO/IEC 9001 og ÍST ISO/IEC 27001.

Gæða- og upplýsingaöryggisstefna Tryggingastofnunar

1. Upplýsingar vegna starfsemi TR eru varðar með tilliti til leyndar, réttmætis og aðgangs. Upplýsingaleynd er viðhaldið með takmörkuðu aðengi þeirra sem hafa aðgagnsheimild. Gæði upplýsinga eru tryggð og þar með réttmæti þeirra. Gögnin eru aðgengileg þeim sem hafa aðgangsheimild á þeim tíma sem þeir þurfa á þeim að halda. Notendur þjónustu (viðskiptavinir) fá auk þess fullvissu um að starfsmenn vinna að heilindum og trúnaði við að mæta kröfum og væntingum þeirra um faglega þjónustu.
2. Gæðastjórnun og upplýsingaöryggi eru mikilvæg fyrir TR enda gegnir TR veigamiklu hlutverki í íslensku velferðarkerfi. Réttar upplýsingar og gæði þjónustunnar tryggja að þeir sem til þess hafa rétt fái réttar greiðslur eða bætur samkvæmt lögum sem varða TR, svo sem lög um almannatryggingar, lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og lögum um félagslega aðstoð.
3. Gæða- og upplýsingaöryggisstefna TR byggir meðal annars á viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum hvað varðar kröfur um gæði og upplýsingaöryggi. Samkvæmt því er tryggt að farið er að lögum og reglugerðum um starfsemina, þ.m.t. stjórnsýslulögum, lögum um persónuvernd og upplýsingalögum.

Umfang

Gæða- og upplýsingaöryggisstefnan tekur til umgengni og vistunar allra upplýsinga í vörslu TR á rafrænu formi, prentuðu, handskrifuðu eða í mæltu máli í innri starfsemi TR auk allrar vinnslu og þjónustu sem TR veitir viðskiptavinum sínum í þeim tilvikum þar sem TR ber ábyrgð. Gæða- og upplýsingaöryggisstefnan tekur jafnframt til allra þeirra sem starfa hjá TR, verktaka eða samningsbundinna aðila, húsnæðis og búnaðar þar sem upplýsingar eru meðhöndlaðar eða þjónusta innt af hendi.

 <p>TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS</p> <p>REKSTRARHANDBÓK</p>	<p>Gæða- og upplýsingaöryggisstefna</p>	<p>Útgáfa: 3 Gildistaka: 16.júní 2009 Rýni:Framkvæmdastjórn, faghópur upplýsingaöryggis Ábyrgð:Framkvæmdastjórn</p>
--	--	--

Ábyrgð

Ábyrgð framkvæmdar og viðhalds gæða- og upplýsingaöryggisstefnu þessarar skiptist á eftirfarandi hátt:

1. Framkvæmdastjórn TR ber ábyrgð á gæða- og upplýsingaöryggismálum og endurskoðar (rýnir) stefnuna í gæða- og upplýsingaöryggismálum árlega.
2. Framkvæmdastjórn og forstöðumenn sjá til þess að farið sé eftir settum reglum og stöðlum gæða og öryggisstefnunnar.
3. Gæða- og öryggisstjóri TR sér um daglegan rekstur stjórnkerfis gæða- og öryggismála í samvinnu við faghóp og beitir til þess viðeigandi stöðlum og vinnuferlum. Hann skal einnig tryggja að starfsfólk hljóti viðeigandi fræðslu.
4. Allir starfsmenn TR bera ábyrgð á að þeim vinnuferlum sem eiga að tryggja framkvæmd gæða- og upplýsingaöryggisstefnunnar sé fylgt. Samstarfsaðilar, verktakar og birgjar bera ábyrgð á að fylgt sé samningsbundnum vinnuferlum sem eiga að tryggja framkvæmd stefnunnar.
5. Öllum starfsmönnum TR ber að vinna samkvæmt gæða- og upplýsingaöryggisstefnunni. Þeim ber að tilkynna frávik og veikleika varðandi gæðaferla og upplýsingaöryggi.

Dreifing, endurskoðun og útgáfa

Gæða- og upplýsingaöryggisstefnan skal endurskoðuð reglulega og vera aðgengileg fyrir alla starfsmenn TR og samstarfsaðila eftir því sem við á.

Samþykkt af forstjóra TR.

Reykjavík, 16.júní 2009.
